

Hefti 7 Veður Saga

Edda og Tumi eru að labba í skóla.

Úti er kalt, rigning og rok.



“Brrrr...” segir Edda “úff hvað það er kalt úti”.

“Já” segir Tumi “nú er kalt á Íslandi”.

“Það er ekki svona kalt á Thailandi” segir Edda.

“Æ, nei, oooo ég vil fara til Thailandis” segir Tumi.

“Svona, svona” segir Edda “Þetta er Ísland og Ísland er kalt þegar það er vetur.”

“Þá vil ég sumar” segir Tumi.

“Nei, nei, það er vetur og það er kalt og þetta er Ísland.” Segir Edda “ég er í ullarpeysu og ég er í úlpu. Ég er með húfu, trefil og vettlinga, það er ekkert kalt”.

“Já, ég er líka í ullarpeysu og úlpu og ég er líka með húfu, vettlinga og trefil og það er kalt” segir Tumi.

“Þá skulum við hlaupa” segir Edda

“þá er ekki kalt”.

Edda og Tumi hlaupa og hlaupa.



Hefti 7 Veður Saga

“Nú er ekki kalt” segir Tumi.

“Nei, nú er hlýtt” segir Edda.



Og Tumi og Edda vaða í polli og hlaupa í skóla.